

Hverfisnefnd Naustahverfis

73. fundur, 19. maí. 2016

Fundur haldinn í Brekatúni 19, kl. 17:00-21:00

Mættir; Anna Steinunn Þengilsdóttir, Greta Huld Mellado, Herdís Hulda Guðmannsdóttir, Steingerður Kristjánsdóttir,

Fundargerð ritaði Anna Steinunn Þengilsdóttir.

1. Vorhátíð Naustahverfis.

Undirbúningur og skipulag vorhátíðar. Fundarmenn skiptu með sér verkum. Anna Steinunn athugar með tilboð á pilsbrauðum og panta grill hjá greifanum og óska eftir gjafakorti frá Bónus. Greta Huld athugar með pilsur hjá Kjarnafæði. Herdís Huld athugar með vörur í bónus, verð og fleira. Ákveðið að vera í samráði með þetta á vefsíðunni okkar.

2. Ýmis mál

Ýmis mál rædd sem betur mega fara. Virðast þær ábendingar sem hverfisnefndin leggur til sem og verkefni tengd umhverfisátaki ganga seint. Ítrekað hefur verið rætt á fundum og í fundargerðum um Ljómatúnsvöllinn og er hann enn ókláraður, sem og hlykkurinn á Kjarnagötunni sem hefur verið í bígerð lengi en virðist þurfa mjög langann tíma í að fá að síga eftir ofanburð. Hreinsun á gangstéttum og götum á vordögum hefur illa verið sinnt og liggja víðsvegar um hverfið sandhaugar eftir veturinn. Sóðaskapur er mikill í kringum byggingasvæði með tilheyrandi moldarburði inn á gangstíga og götur. Einnig er ekki vitað hvort að þær tillögur sem hverfisnefndin kom með síðasta ár að framkvæmdum vegna umhverfisátaks það árið skv fundargerð 66. fundur, 3. mars. 2015, liður 1 sem er eftirfarandi:

- Lýsing í brekkuna við Ljómatúnsvöllinn að andvirði um 500.000 krónur.
- Bekkir sem settir verða á Ljómatúnsvöllinn og víðsvegar um hverfið að andvirði um 750.000 krónur.
- Plöntur í hverfið að andvirði um 750.000 krónur.

Nefndarmenn eru sammála um að funda þurfi með framkvæmdadeild og fá ýmis mál á hreint sem varða hverfið og framkvæmdir þar.